

Fimmtudaginn 3. september 1998.

Nr. 294/1998.

Jóhannes Ottósson

(Hreinn Pálsson hrl.)

gegn

Hólmfríði G. Sigurðardóttur

(Ólafur Birgir Árnason hrl.)

Kærumál. Opinber skipti. Fjármál hjóna. Gjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. júlí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 30. júní 1998, þar sem hafnað var þeirri kröfu sóknaraðila, að ellefu nánar tilgreind hross yrðu talin séreign hans við opinber skipti til fjárslita milli hans og varnaraðila vegna hjónaskilnaðar. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að tekin verði til greina krafa sín um, að umrædd hross verði talin séreign sín við fjárslitin. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað.

Sóknaraðili hefur ekki sannað, að faðir hans, Ottó G. Þorvaldsson, hafi áskilið skýrlega, um leið og sóknaraðili fékk loforð um að fá fyrrnefnd hross að gjöf með afsali 25. ágúst 1995, að þau skyldu vera séreign hans í hjúskap með varnaraðila. Með þessari athugasemd verður úrskurður héraðsdómara staðfestur með vísan til forsendna hans.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Jóhannes Ottósson, greiði varnaraðila, Hólmfríði G. Sigurðardóttur, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 30. júní 1998.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. júní sl. að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað 7. maí 1998, með framlagningu gagna á dómþingi. Sóknaraðili málsins er Hólmfríður G. Sigurðardóttir, kt. 200156-2779, Heiðarlundi 8 c, Akureyri, dvst. Grundargerði 6 c, Akureyri, en varnaraðili er Jóhannes Ottósson, kt. 110154-3639, Dalsgerði 7 c, Akureyri.

Sóknaraðili krefst þess, að viðurkennt verði með dómi, að ellefu hross, Gjósta, Hlín, Gletta, Frigg, Sörli, Gjafar, Drottning, Faxi, Fjöltnir, Hetja og Gígja, skuli koma til skipta sem hjúskapareign varnaraðila við fjárslit milli hennar og varnaraðila við skilnað þeirra að borði og sæng. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

Varnaraðili krefst þess, að hrossin ellefu verði viðurkennd séreign sín og haldið utan skipta við fjárslit aðila. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar og virðisaukaskatts á hann.

Með úrskurði, upp kveðnum 24. mars 1998, var tekin til greina krafa sóknaraðila um opinber skipti til fjárslita milli hennar og varnaraðila við skilnað þeirra að borði og sæng. Á fyrsta skiptafundi 30. mars 1998 kom upp ágreiningur um það, hvernig hross þau, sem rakin eru í kröfugerð, eða verðmæti þeirra kæmi til skipta. Tókst skiptastjóra ekki að jafna ágreininginn og beindi honum til úrlausnar dómsins með bréfi, móttæknu 29. apríl 1998.

25. ágúst 1995 gaf faðir varnaraðila, Ottó G. Þorvaldsson, út afsal og afsalaði varnaraðila öllum hrossum sínum, nánar tiltekið tólf hrossum, átta hryssum og fjórum hestum, staðsettum í Viðvík í Viðvíkurhreppi. Framseldi hann varnaraðila jafnframt réttindi að þremur fjórðu hlutum samkvæmt hagagöngu og hesthúsafnotasamningi. Afhendingardagur var tiltekinn í afsalinu 1. janúar 1996. Hinn 15. desember 1995 gaf faðir varnaraðila út yfirlýsingu um, að hrossin samkvæmt afsalinu skyldu vera séreign varnaraðila, enda væri sú kvöð á, að tvö þeirra, hryssurnar Frigg og Drottning, yrðu aldrei seldar, því að þær væru úr ræktun foreldra varnaraðila og ættu að halda stofninum við. Ekki er deilt um það með aðilum, að hross þau, sem talin eru í kröfugerð sóknaraðila, séu hross, sem ráðstafað var til varnaraðila með framangreindu afsali.

Málsástæður sóknaraðila eru þær, að hrossin séu ekki og hafi aldrei verið séreign varnaraðila, heldur hjúskapareign hans. Geti yfirlýsingin frá 15. desember 1995 ekki veitt rétt til þess, að hrossin verði talin séreign varnaraðila og undanskilin skiptum, og ekkert ákvæði sé um það í afsalinu frá 25. ágúst 1995, að hrossin skyldu vera séreign hans. Vísar sóknaraðili til almennrar reglu 54. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 um, að eignir hjóna séu og

verði hjúskapareign, nema sérstaklega sé á um annað kveðið. Í 55. gr. laganna séu ákvæði um það, hvernig séreign geti myndast í hjúskap. Sé þar m. a. vísað til 77. gr. um gjafir og arf, en samkvæmt henni geti gefandi ákveðið, að gjöf skuli vera séreign maka í hjúskap. Afsalið frá 25. ágúst 1995 sé ekki með ákvæði um, að hrossin skyldu verða séreign varnaraðila. Yfirlýsing þar um, út gefin nærri fjórum mánuðum eftir útgáfu afsalsins hafi því ekkert gildi. Sé það skilyrði fyrir því, að gjöf þriðja manns til maka geti orðið séreign hans í hjúskap, að gefandi hafi í síðasta lagi með gjafaloforðinu ótvírætt látið þess getið, að gjöfin skuli verða séreign maka í hjúskapnum. Séreignaryfirlýsingin sé gerð, löngu eftir að gjafagerningurinn, þ. e. afsalið, hafi verið gerður, og hafi gefandinn þá ekki ráðið yfir afsalsandlaginu. Beri því að draga hrossin 11 undir fjárslit hjónanna sem hjúskapareign varnaraðila.

Varnaraðili telur, að líta beri á afsalið og yfirlýsinguna saman, og þar sé að finna ótvíræðan vilja gefandans um, að hrossin skyldu verða séreign varnaraðila. Yfirlýsingin hafi verið gerð seinna en afsalið, vegna þess að gefandinn hafi dvalið langdvölum á sjúkrahúsi um haustið og fram á veturinn, en eftir það hafi skjalið verið gert. Ástæða þess, að varnaraðili hafi fengið hrossin, hafi verið sú, að gefandinn hafi verið að skipta eignum milli barna sinna. Gengið hafi verið frá yfirlýsingunni, áður en hrossin yrðu afhent 1. janúar 1996. Geti málsaðilar ekki rofið þann ótvíræða vilja gefandans, sem fram komi í yfirlýsingunni, sbr. 2. mgr. 77. gr. hjúskaparlaga. Telur varnaraðili, að líta beri á afsalið og yfirlýsinguna sameiginlega og vegna ákvæðis um afhendingartíma hafi gefandinn ráðið fyrir hinu gefna til 1. janúar 1996 og varnaraðili með viðtöku hrossanna undirgengist þann vilja föður síns, að hrossin yrðu séreign hans og tvö þeirra yrðu aldrei seld.

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilar þess skýrslur fyrir dómi.

Samkvæmt 1. mgr. 77. gr. laga nr. 31/1993 getur gefandi ákveðið, að gjöf skuli vera séreign í hjúskap gjafþega. Ber að fallast á það með sóknaraðila, að kvöð um séreign verði í síðasta lagi sett, um leið og bindandi gjafaloforð er gefið. Afsalið til varnaraðila er einhliða og kvaðalaus yfirlýsing um óskilyrtan eignarrétt varnaraðila að hrossunum, og skiptir þar ekki máli, þótt afhendingardagur gjafarinnar væri ákveðinn síðar en afsalið var gefið út. Verður ekki á það fallist með varnaraðila, að líta beri á afsalið og yfirlýsinguna sameiginlega, enda standa ekki rök til þess, að gefandinn hefði ekki getað heilsufars síns vegna sett ákvæði um séreign í afsalið við útgáfu þess. Eins og mál þetta liggur fyrir, kom ákvörðun gefanda hrossanna um, að þau skyldu vera séreign varnaraðila, því fyrst fram, eftir að hann hafði gefið þau, og er því ekki unnt gegn mótmælum sóknaraðila að miða við þá ákvörðun við fjárskipti aðila.

Eftir þessu verður að taka kröfu sóknaraðila til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri máls þessa.

Úrskurð þennan kveður upp Erlingur Sigtryggsson, settur héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fara skal með hross varnaraðila, Jóhannesar Ottóssonar, þau Gjóstu, Hlín, Glettu, Frigg, Sörla, Gjafar, Drottningu, Faxe, Fjölni, Hetju og Gígju, sem hjúskapareign hans við opinber skipti til fjárslita milli hans og sóknaraðila, Hólmfríðar G. Sigurðardóttur, við skilnað þeirra að borði og sæng.

Málskostnaður fellur niður.
